

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.*

## Starfsleyfisskilyrði fyrir hjólbarðaverkstæði

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur hjólbarðaverkstæða.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykka notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

### 2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. felgur og ónýta hjólbarða á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slyshættu.
- 2.3 Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrífalegum.

### 3. Mengunarvarnir

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.

### 4. Úrgangur

- 4.1 Geymslu á hjólbörðum fram að förgun skal haldið í lágmarki. Geyma skal hjólbarða í gámum eða öðrum lokuðum hirslum þar sem ekki stafar eldhætta af.
- 4.2 Ónýtum hjólbörðum ber að skila til viðurkenndra móttökuaðila
- 4.3 Úrgangsblyi skal skila til viðurkenndra móttökuaðila. Bly er spilliefni og hættulegt í umhverfi og skal leitast við að nota önnur efni til jafnvægisstillinga.
- 4.4 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 4.5 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.